



Hvammstanga 18. febrúar 2011

Umsögn Prestafélags Íslands um 311. mál

Efnahags- og skattanefnd Alþingis hefur sent Prestafélagi Íslands til umsagnar frumvarp til laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins 311. mál.

Prestafélag Íslands þakkar fyrir að fá að gefa umsögn um þetta mál en gerir eftirfarandi athugasemdir við frumvarpið: Annars vegar að felldur sé niður kostur á að tjá um ástæður lausnar frá störfum og hins vegar að áminning sé ekki lengur skilyrði fyrir lausn frá störfum um stundarsakir.

Prestafélagið telur það orka mjög tvímælis að gera stjórnendum hjá hinu opinbera það auðveldara að losna við starfsfólk eins og gengur og gerist víða á almennum vinnumarkaði. Hjá hinu opinbera hefur þurft að fylgja ákveðnu ferli, skrifleg áminning, andmælaréttur o.s.frv. og hefur það verið gert til þess að tryggja að faglega sé að verki staðið þegar segja þarf upp starfsfólki. Prestafélagið telur mikilvægt að halda þessu ferli inni sem verið hefur bæði til að tryggja sanngjarna meðferð á málum starfsmanna og koma í veg fyrir geðþóttaákvörðanir yfirmanna eða forstöðumanna ríkisstofnanna.

F.h. Prestafélags Íslands
Magnús Magnússon, kjaramálafulltrúi PÍ.